

nokkurskonar fataskiftamál, þegar menn kasta sumarslíkunum og fara í vetrarfötin. Það er nokkurskonar þvottadagur, þegar menn fága blóðstorkuna úr marinu undan pálnum og undan moturhaftinum, og þeir þurka storkuna úr andlitinu, það er að segja, þeir sem ætla að hvílast á komandi vetri.

Það er að eins út um bygdina, þar sem náttúran sjálf er fóstra og fræðari vor, þar sem haustið er haust. Þar er það, sem maður vaknar af sumardraumum til alvarlegra hluta. Þar er það, eins og í hinum fornu Eddusöngum, er vekur oss, „es of viði kömr morgun hverjan már“. Þar er það, sem sálin vaknar af dvala með þrá er logar eldi heitara. Far-þrá, skulum vér segja, er sumarkveðjan vekur. Og þar, þar sem haustið er haust, skulum vér athuga það. Og það er þá að blævindurinn þýði út um bygð og lönd er þegar á förum, er orðinn að laufvindi og fokvindi. Þar er skrúð trjánna á förum. Þar gnauðar einnig haustgolan við gluggann, blæs á stráin og þýtur í skógunum. Þar bergmálar loft og láð af kvaki fugla, sem eru að kveðja— með þessum einkennilega ólyisanlega söng, er ekkert eyra fær byrgt sig fyrir.

Fyrir ofan er blár himin, undir fótum manns jörðin í visnum og undirbúningi langra nátta. Fuglarnir eru að flokka sig saman og fjúga í hópum á burt. Og skjótara en í svipan bera þeir við bláloftið, ber þessa dökku rák við himinn og líður hraðan og stilt eins og sky, í suðurátt. En það heyrist „rödd úr skýnu.“ Þaðan berst röddin, sem hvert eyra þekkir svo vel, röddin sem bergmálar í orðum skáldrins: „Nú svífið þið svanir af ströndu..... Eg sé það á öllu þið ætlið, í einhvern svo fjarlægan heim“. Og það er eins og orðin í „fjarlægan heim“ sé marg-endurtekin. Hreimurinn berst úr öllum áttum með hópunum, sem hvaðanæfa koma. Það er sumarkveðjan. Við þá sumarkveðju grípur margan mann ólysanleg þyngsla þrá. Er það af því að hann langar einnig að svífa af ströndu „í einhvern svo fjarlægan heim“? Er það farfýsin sem vaknar hjá honum líka, sem fastur er á fótum? Vissulega er hún djúp í manneðlinu, svo djúp að um óteljandi aldir hafa millónir millíónir yfirgefíð foreldra og heimahús til þess að svífa á burt í einhvern